

- 95 3. Reyna að fá keypt meira áfengi en lyfseðill hans nefnir.  
 31/12 '30 4. Gefa öðrum áfengisseðil, sem hann hefir fengið.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett eftir lögum nr. 69, 1928 og 64, 1930 og fer með brot út af henni eftir fyrir mælum nefndra laga.

11. gr.

Þessi reglugerð gengur í gildi 1. janúar 1931, og fellur þá úr gildi reglugerð nr. 85, 1928.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. desember 1930.*

**Jónas Jónsson.**

---

*Gissur Bergsteinsson.*

96

4. jan.

## REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð nr. 90, 14. nóv. 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

36. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Auk skyldu til þess að skýra frá högum sjálfs sín og annara samkvæmt 33. gr., er neðangreindum aðiljum skylt að veita skattanefndum ókeypis ýmsar upplýsingar, er þær beiðast:

1. Embættismenn og aðrir, sem einhver störf hafa í almennings þarfir, og  
 2. Stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og stofnana, eru skyldir að veita skattanefndum upplýsingar þær allar, sem þær æskja, bæði um kaup starfsmanna þeirra, um eigendur verðbréfa allra, svo sem hlutabréfa, vaxtabréfa og skuldabréfa, en sé um handhafabréf að ræða, þá svo framarlega að þeim sé kunnugt um eiganda, enn fremur um vaxtafé manna í bönkum og sparisjóðum og skuldir manna við þessar stofnanir o. s. frv. Embættismenn og sýslunar eru sérstaklega skyldir að láta skattanefndum í té fræðslu um niðurföfnun útsvara, skattgjald, manntal, allskonar matsgerðir o. s. frv. — Enn fremur eru

3. Allir þeir, sem menn hafa í þjónustu sinni, enda þótt 1. og 2. töluliður taki ekki til þeirra, eru skyldir að veita skattanefndum skýrslu um laun hvers starfsmanna sinna.

Skýlt er að gefa skýrslu um kaup starfsmanna, vaxtafé í bönkum, skulda-  
bréf, hlutabréf og vaxtabréf þótt í beiðni sé eigi spurt um nafngreinda menn,  
en ætíð skal í beiðninni taka fram við hvaða tímabil beri að miða upplýsing-  
arnar. Sé það ekki gert er óskýlt að svara. 96  
4. jan.

Þótt stjórnendur banka eða sparisjóða viti eigi um eigendur alls þess  
vaxtafjár, er skattanefndir æskja vitneskju um samkvæmt reglugerð þessari,  
ber þeim eigi að síður að gefa skattanefnd upplýsingar um heiti það, er inni-  
eignin hefir í bókum stofnunarinnar um leið og skilað er upplýsingum um fé  
það, er stjórnendur vita full skil á. Stjórnendunum bera að afla sér vitneskju um  
eigendur þessa fjár svo fljótt, sem verða má og tilkynna tafarlaust skattanefnd,  
er þeir hafa öðlzt hana. Fáir stjórnendur eigi fullnægjandi upplýsingar um eig-  
endur þessa vaxtafjár, ber þeim að gefa skattanefnd upp tafarlaust nafn og  
heimilisfang þess manns, sem tekið hefir út eða lagt inn fé á viðkomandi reikn-  
ing, eftir að skattanefnd hefir beiðzt upplýsingar samkvæmt þessari grein.

Sé bönkum eða sparisjóðum lagt mikið verk á herðar með fyrirspurnum  
skattanefnda, er þeim rétt að fara þess á leit við fjármálaráðuneytið, að skatta-  
nefndir taki þátt í kostnaði við verkið. Fjármálaráðherra úrskurðar að hve  
miklu leyti ber að verða við þessum tilmælum.

Eigi geta bankar eða sparisjóðir dregið að verða við upplýsingarbeiðn-  
um, þótt ekki hafi fengist úrskurður um þátttöku skattanefnda í kostnaði.

Fjármálaráðherra úrskurðar ágreining um skyldu manna til að láta af  
hendi skýrslur þær, sem í þessari grein segir, og hvort skyldunni sé fullnægt. —  
Skattanefnd ber því að skýra fjármálaráðherra þegar frá því, ef henni er neit-  
að um þær eða dregið er um þörf fram að láta þessar upplýsingar í té.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 4. janúar 1931.*

**Einar Arnason.**

---

*Gísli Ísleifsson.*